

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að allar U-beygjur skuli bannaðar á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. september 2003.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.